

Ísafjarðarbær  
Stjórnsýsluhúsinu  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Selfoss, 8. maí 2020  
Tilvísun: 1808750

## Efni: Beiðni um umsögn vegna umsóknar Háafells ehf. um sjókvíeldi í innanverðu Ísafjarðardjúpi

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi frá Háafelli ehf. vegna sjókvíeldis í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Sótt er um 7000 tonna hámarkslífmassa, 6800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski. Um er að ræða umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir kynslóðaskiptu sjókvíeldi. En fyrir hefur Háafell (Hraðfrystihúsið Gunnvör) stundað sjókvíaeldi á regnbogasilungi og þorski í Álftafirði og Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi.

Umsókn Háafells fyrir rekstrarleyfinu er með eldisstaðsetningu í Skötufirði sem er um 1,3 km frá eldisstaðsetningu Arctic Sea Farm í Skötufirði (sjá fylgiskjal 6). Rekstrarleyfi ASF hefur aldrei verið í notkun en það var gefið út árið 2012 og hefur Matvælastofnun boðað afturköllun rekstrarleyfins í maí 2021 skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi. Skv. reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi kemur fram í 4. gr. varðandi fjarlægðarmörk að „Lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila samkvæmt meginviðmiði skal vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað. Matvælastofnun getur að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun og að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva.“ Í rekstrarleyfi Matvælastofnunar eru sett skilyrði um að rekstrarleyfið sé bundið við yfirlýsingu leyfishafa (sem liggur fyrir frá Háafelli) um að hann viðhafi í tilvikum þar sem eldi er stundað samhliða eldi annarra aðila, samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Í samræmi við 7. gr. laga 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Jafnframt óskar Matvælastofnun eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fjarlægðar milli eldissvæða Háafells og ASF í Skötufirði.

Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum en nánari upplýsingar má finna í meðfylgjandi fylgiskjölum: Matsskýrsla sem barst Skipulagsstofnun í febrúar árið 2015, viðbótargreinagerð vegna valkosta, viðauki vegna fjarlægðarmarka og fjölda laxa, álitni Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar og yfirlit yfir staðsetningu sjókvíeldissvæða.

Umsögn óskast send Matvælastofnun fyrir 15. maí 2020 á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is) og einnig á tölvupóstfang: [erna@mast.is](mailto:erna@mast.is) Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreind tölvupóstföng.

Virðingarfyllt  
f.h. Matvælastofnunar

*Erna Karen Óskarsdóttir*

Erna Karen Óskarsdóttir  
Fagsviðstjóri fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

Fylgiskjal 1: Matsskýrsla Háafells ehf.

Fylgiskjal 2: Viðbótargreinagerð vegna valkosta

Fylgiskjal 3: Viðauki – fjarlægðarmörk og fjöldi laxa

Fylgiskjal 4: Álit Skipulagsstofnunar

Fylgiskjal 5: Yfirlit yfir staðsetningu sjókvíeldissvæða

Fylgiskjal 6: Yfirlit yfir staðsetningu sjókvíeldissvæða í Skötufirði